

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

410. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 19.07.2019, kl.11:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson (í síma), Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Kaup á tækjum í móttökustöð

Kynnt fyrirhuguð kaup á færriböndum í móttökustöð en ekki er gert ráð fyrir þessum tækjakaupum í samþykktari fjárfestingaráætlun frá því í október 2018. Búnaðurinn er nauðsynlegur fyrir forvinnslu úrgangs í gas- og jarðgerðarstöðina. Fyrir liggur tilboð upp á rúmar 45 milljónir. Málið rætt. Framkvæmdastjóra heimilað að ganga frá pöntun á búnaðinum. Kaupin á færriböndunum munu ekki hafa áhrif á fjárhagsstöðu SORPU hvorki í bráð eða lengd. SORPA getur fjármagnað þessi einstöku kaup án utanaðkomandi fjármögunar. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að leggja fyrir stjórn á næsta fundi endurskoðaða fjárfestingaráætlun ásamt áhættugreiningu á kostnaði við eftirstöðvar byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar.

2. Ársskýrsla SORPU árið 2018.

Ársskýrsla SORPU fyrir árið 2018 afhent.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn þann 14. ágúst kl. 07:30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 12:15

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir